

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 39 11. febrúar 1966, um takmörkun leigubifreiða á Ísafirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Ísafirði skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Ísafjarðar, þannig, að ein leigubifreið komi á hverja 500 íbúa, sem lögheimili eiga á Ísafirði samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þegar rétt hlutföll eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis, er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt leyfi fyrir hverja 500 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framanskráðu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. janúar 1984.

Matthías Bjarnason.

Kristinn Gunnarsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 44 28. apríl 1954.

1. gr.

2. mgr. 73. gr. sbr. samþykkt nr. 181 29. mars 1983, orðist svo:

Enginn má starfrækja leiktækjastofu eða selja aðgang að leiktækjum, þ. e. spíla-kössum, knattborðum eða rafeindaleiktækjum einu eða fleirum nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra, sem gefur það út að fengnu samþykki bæjarstjórnar.

Leyfi skal gefa út til eins árs í senn, á nafn einstaklings, vera staðbundið og óframseljanlegt. Bæjarstjórn ákveður gjald fyrir leyfið.

Sé rekstur leiktækja hluti af æskulýðs- og félagsstarfsemi er heimilt að lækka eða fella niður leyfisgjaldið.

Óheimilt er að selja börnum innan 14 ára aðgang að leiktækjum. Miðað er við fæðingarár.

Leiktæki má reka frá kl. 15.00 — 23.30 daglega. Þó skal vera lokað eftirtalda daga: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla, jóladag, gamlársdag og nýársdag. Starfsmenn við leiktæki skulu ekki vera yngri en 18 ára.

Leyfishafi skal kappkosta að hafa góða reglu í leiktækjastofunni, gæta hreinlætis og að starfsemin valdi ekki ónæði í nærliggjandi húsum t. d. vegna háttstemmdra hljómtækja.

Sé á einhvern hátt brotið gegn reglum þessum eða ef starfsemin þykir ekki fara vel úr hendi, má svipta leyfishafa leyfi sínu, en áður skal veita honum viðvörun.

Ákvæði 69. og 70. greinar taka til þessarar starfsemi eftir því sem við á.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. janúar 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

SAMÞYKKT

fyrir veiðifélag vatnasvæðis Dyrhólaóss, V-Skaftafellssýslu.

1. Félagið heitir Veiðifélag Dyrhólaóss. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Dyrhólaósi og öllum fiskgengnum ám og lækjum sem í hann falla, en þær eru:
Vatnsskarðshólar, Loftsalir, Hvamból, Brekkur I, Brekkur III, Ás, Dyrhólar I-II, Norðurgarður, Litluhólar, Garðakot, Ketilsstaðir I, Ketilsstaðir II, Rauðháls, allar í Dyrhólahreppi. Kaldrananes, Neðri-Dalur, Breiðahlíð, Stóri-Dalur, Fjós, Skaganes eystra, Skammidalur I-II, Skammadalshóll, Giljar, Garðar, Prestshús efri, Prestshús neðri, Hellur, Reynishólar, Teigargerði, Reynisholt, Þórisholt, Lækjarbakki, Reynir I-II, Reynishjáleiga, Kvíaból, Götur suður, Götur norður, Hvammur I norður, Hvammur II suður, Foss norður, Foss suður, Reynisdalur, Dyrhólahjáleiga, Starrkot, allar í Hvammshreppi.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að rádstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á vatnasvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar út eftir tvö ár, og hinn þriðji eftir þrjú ár, og helst sú sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagismaður getur skorast undan endurskosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar endurskoðandinn og annar varamaðurinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið. Stjórnin skiptir með sér verkum.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli funda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.
Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfundur skal halda í marsmánuði hvert ár. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.